



## Minnisblað – Aðgerðir til viðspyrnu vegna Covid-19

---

<i>Málsnúmer:</i>	2003070	<i>Dags:</i>	9. maí 2020	<i>Fjöldi bls.</i>	4
<i>Viðtakandi:</i>	Bæjarstjórn Fjallabyggðar				
<i>Dreifing:</i>	Bæjarráð, deildarstjórar og aðrir er málið varðar				
<i>Samið af:</i>	Bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar og forseta bæjarráðs				

### Áframhaldandi viðbrögð Fjallabyggðar vegna Covid-19

Á 646. fundi bæjarráðs Fjallabyggðar var undirrituðum ásamt forseta bæjarstjórnar og forseta bæjarráðs falið að móta tillögur að frekari aðgerðaáætlun bæjarfélagsins vegna Covid-19. Á 184. fundi bæjarstjórnar þann 15. apríl voru tillögur lagðar fram um næstu skref. Tillögur voru í þremur liðum sem snúa að viðbrögðum vegna stöðu ferðaþjónustu, framkvæmda og rekstrar bæjarfélagsins.

### Minnisblað þetta snýr að lið 2. í fyrra minnisblaði, þ.e. endurskoðun framkvæmdaáætlunar.

Við vinnslu tillagna var horft til sjónarmiða svo sem viðhalds atvinnu, velferðar íbúa og fjárhags sveitarfélagsins m.v. ólíkar sviðsmyndir. Fundað var tvívegis með deildarstjóra tæknideildar og verkefni greind út frá þörf og ýmsum samfélagslegum áhrifum.

Einnig voru ýmis ný verkefni og hugmyndir teknar inn í vinnuna, má þar nefna endurnýjun þaks á áhaldahúsi, útskipting loftklæðningar í íþróttahúsinu á Siglufirði, breyting á móttöku í ráðhúsi, lagfæringar á sundlaug á Ólafsfirði, lagfæringar á salnum í Tjarnarborg ásamt fleiru sem sundurliðað er í töflu í fylgiskjal 1 hér að neðan. Í sömu töflu má sjá ný verkefni er tengjast Hafnarsjóði og tjónum sem urðu í óveðri í vetur. Um er að ræða hugmyndir að verkefnum í eignarsjóði að fjárhæð 46,5 mkr. skv. áætlun tæknideildar.

### Tillaga um frestun verkefna.

Lagt er til að eftirfarandi verkefnum á fjárfestingaráætlun 2020 verði frestað þar til efnahagslegar afleiðingar farsóttar verða betur ljósar.

- Gervigrasvöllur Ólafsfirði
- Lóð Tjarnarborg
- Geislatæki á vatnsból Múlalindar
- Bakkabyggð – gatnagerð, lokið við frágang vinnusvæðis og framkvæmdum svo hætt
- Aðalgata – Vetrarbraut, holræsi

### Ný verkefni.



Hluta þeirra fjárútláta sem að ofan er lagt til að frestist verði varið í verkefni sem tilgreind eru í lista í *fskj. 1*. Þess verði þó gætt að verkefni verði ekki sett út á markaðinn án þess að fyrirséð sé að verktakar séu þess megnugir að taka verkefnið að sér. Einnig verði leitast við að framkvæma verkefni er tengjast umferðaröryggismálum og eru alfarið á forræði Fjallabyggðar.

Tæknideild verði falið að setja fram áætlun um ofan lýst verkefni og leggja fyrir bæjarráð.

#### **Umhverfisáttak.**

Lagt er til að 20 mkr. til viðbótar þeim 10 mkr. sem áður hafði verið ráðstafað verði varið í ýmis umhverfisverkefni. Lögð verði áhersla á tiltekt og snyrtingar svæða ásamt lagfæringum á tjaldsvæðum bæjarfélagsins. Hvað varðar tjaldsvæði þá er lagt til að upp verði komið ásættanlegri aðstöðu til þvotta o.þ.h. á tjaldsvæðinu á Ólafsfirði.

Tæknideild verði falið að setja fram áætlun um ofan lýst verkefni og leggja fyrir bæjarráð.

#### **Verkefni sem eru á framkvæmdaáætlun 2020**

Að frátöldum verkefnum hér að ofan þá eru fjölmörg verkefni sem komin eru í gang eða eru á áætlun eru, sjá *fskj. 2*, þar má stærst telja. Fyrsta áfanga viðbyggingar við íþróttamiðstöð Siglufjarðar, lagnir og útrás í Hvanneyrarkrók, endurnýjun á lóð Leikhóla, endurnýjun veitna í Bylgjubýggð og Hlíðarvegi, útrás holræsakerfis við smábátahöfnina á Ólafsfirði og stígagerð t.d. við Ólafsfjarðarvatn. Ofantalin verkefni og önnur sem tilgreind eru í *fskj. 2* eru fjölbreytt með aðkomu flestra stétta sem að verklegum framkvæmdum koma.

*Rétt er að setja fyrirvara hvað það varðar að mögulega verði einhver verkefni geymd eða klárast ekki á árinu enda verða verkefni sett út á markað með hliðsjón af mikilvægi og samfélagslegum áhrifum.*

Það er mat starfshópsins að með þessum tillögum sé vel gætt fjárhagsstöðu bæjarsjóðs en um leið sé þess gætt að nægt verkefnaframboð sé fyrir hendi til handa verktökum og iðnaðarmönnum á svæðinu. Starfshópurinn leggur á það ríka áherslu að vel verði hugað að tímasetningu verkefna og samfélagslegum áhrifum þeirra.

Virðingarfyllst f.h. starfshóps

bæjarstjóri



## Fylgiskjal 1.

Ný verkefni.	
<b>Sjóður -&gt; Verkefni -&gt; Lýsing</b>	
<b>Eignasjóður</b>	
Áhaldahús þak	
<i>Endurnýja þak yfir vélasal</i>	
Íþróttahús Siglufirði	
<i>Skipta út loftaklæðningu</i>	
Ráðhús	
<i>Setja upp skilrúm í anddyri skrifstofu á 3. hæð og nýja inngangshurð</i>	
Slökkvistöð Ólafsfirði	
<i>Frágangur á starfsmannaaðstöðu 2. hæð</i>	
Sundlaug Ólafsfirði	
<i>Steypa upp í djúpa enda laugar og setja dúk í laugina</i>	
Sundlaug Siglufirði	
<i>Skipta út loftaklæðningu</i>	
Tjarnarborg, efri salur	
<i>Endurnýja gólfefni með nýjum flísum</i>	
Tjarnarborg, stóri salur	
<i>Lagfæra sig á gólfi og setja nýtt gólfefni</i>	
Tónskóli Siglufirði	
<i>Færa kaffiaðstöðu og fl.</i>	
<b>Hafnarsjóður</b>	
Endurröðun sjóvarnar við Námuveg	
<i>Lagfæra sjónörn eftir tjón vegna veðurofsa í desember</i>	
Hækkun á sjónörn norðan Bæjarbryggju/Hafnarbryggju	
<i>Hækkun á sjónörn</i>	
Sandfangari Ólafsfirði	
<i>Lagfæra sandfangara eftir tjón vegna veðurofsa í desember</i>	



## Fylgiskjal 2.

### Verkefni sem eru komin í gang eða verða unnin á árinu.

Verkefni	Lýsing
Íþróttamiðstöð Siglufirði - 1. áfangi	<i>Viðbygging með tengingu við rækt</i>
Siglufjörður - Brunnur og útrás í Hvanneyrarkrók	<i>Síðasti áfangi í holræsakerfi á Siglufirði</i>
Leikhólar - 1. áfangi skólalóð	<i>Endurnýjun á lóð</i>
Bylgjubýggð 2. áfangi - Hlíðarvegur 3. áfangi veitur	<i>Endurnýjun á veitum</i>
Ólafsfjörður - Útrás við smábátahöfn Ráðhús	<i>Síðasti áfangi í holræsakerfi á Ólafsfirði</i>
Göngustígar og gangstéttir	<i>Klæða norður og austurhlíðar</i> <i>Lengja stíg við Ólafsfjarðarvatn. Stígur á Leirutanga</i>
Menntaskólinn á Tröllaskaga	<i>Setja asfaltþappa á þak, seinni áfangi.</i>
Ýmis smáverk	<i>Ýmis og fjölbreytt smáverkefni</i>
Bylgjubýggð 2. áfangi, malbik	<i>Yfirlögn malbiks</i>
Hlíðarvegur 3. áfangi, malbik	<i>Yfirlögn malbiks</i>
Dælur til að taka flóðatoppa	<i>Aukadæla í útrásarbrunn við Aðalgötu</i>
Endurnýja vatnsdælur í dælskúr við Hólsdal.	<i>Lokið</i>
Endurnýjun á götulýsingu (skipta yfir í LED)	<i>Ný ljósker, Flæðar Ólafsfjörður</i>
Endurnýjun á götulýsingu (skipta yfir í LED)	<i>Ný ljósker, Eyrin Siglufirði</i>
Fráveitulögn vegna lindar við Hvanneyrabraut	<i>Aftengja lind frá veitunni</i>
Norðurgata milli Eyrargötu og Ránargötu, malbik	<i>Yfirlögn malbiks</i>
Ráðhús	<i>Endurnýja gólfefni í bókasafni</i>
Viðgerðir og yfirlögn á Ingvarsbryggju	<i>Yfirlögn malbiks og múrviðgerðir</i>
Endurnýja þak á vatnsbóli í Ólafsfirði	<i>Endurnýja þak á vatnsbóli í Brimnesdal</i>
Auka þrýsting á vatnsveitukerfi Ólafsfjarðar	<i>Setja þrýstijafnara á veitu</i>
Álfhóll	<i>Aðkoma að hringsjá</i>
Leikskálar - 3. áfangi skólalóð	<i>Tenging við stíg innan lóðar með þrepum</i>
Tjarnarborg	<i>Mála þak</i>
Fráveitulögn við Síldarminjasafn	<i>Fráveitulögn sem veitir ofanvatni frá safninu</i>
Tímatökuhús SÓ	<i>Kaup á smáhýsi, SÓ sér um uppsetningu</i>
Vetrarbraut 2. áfangi, malbik	<i>Yfirlögn malbiks</i>